

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um kostnað vegna varnaraðgerða gegn riðuveiki.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver ber kostnað af förgun fjárstofns eða heyfengs vegna riðuveiki?
2. Hver var árlegur kostnaður ríkisins vegna riðuveiki sl. fimm ár:
  - a. vegna förgunar og varnaraðgerða,
  - b. vegna bótagreiðslna,
  - c. annar kostnaður?

Kostnaður við förgun fjárstofns og heyfengs vegna riðuveiki greiðist úr ríkissjóði. Samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, nær bótaskylda ríkissjóðs í þessu sambandi eingöngu til búfjár.

<b>Kostnaður ríkisins vegna riðuveiki sl. fimm ár, millj. kr.</b>					
	<b>2000</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
a. Förgun og varnaraðgerðir	28,1	32,6	2,9	41,1	49,6
b. Bótagreiðslur	31,8	5,2	17,5	20,8	43,6
c. Annar kostnaður	16,9	20,8	16,4	16,9	23,1
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>76,8</b>	<b>58,6</b>	<b>76,8</b>	<b>78,8</b>	<b>116,3</b>